

LÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 14. janúar 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutnings skjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 6% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 7. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 4. málsgrein svohljóðandi:

Þegar sjóðsstjórn fjallar um mál, sem varða grásleppuveiðar, skal hún kveðja til tvo fulltrúa frá samtökum grásleppuhrognaframleiðenda, er hafi málfrelsi og tillögurétt varðandi þær veiðar. Telji fulltrúar samtakanna afgreiðslu sjóðsstjórnar orka tvímælis, er þeim heimilt að skjóta henni til sjávarútvegsráðuneytisins, sem fellir úrskurð um ágreiningsefnið.